

AUGLÝSING

UM ÁKVÖRÐUN UM ÚTGÁFU FRAMKVÆMDALEYFIS VEGNA KRÖFLULÍNU 3

Sveitarstjórn Fljótshrepps samþykkti á fundi sínum þann 2. maí sl. að gefa út framkvæmdaleyfi til Landsnets hf. vegna framkvæmda og mannvirkjagerðar við Kröflulínu 3 innan sveitarfélagamarka Fljótshrepps. Leyfið er gefið út á grundvelli mats á umhverfisáhrifum Kröflulínu 3 og aðalskipulags Fljótshrepps 2014 – 2030, sbr. breytingu vegna Kröflulínu 3 sem tók gildi þann 8. apríl 2019.

Framkvæmdin er matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og var matsskýrsla Landsnets hf. afhent Skipulagsstofnun í júlí 2017. Álit Skipulagsstofnunar á mati á umhverfisáhrifum Kröflulínu 3 samkvæmt 11. gr. laga nr. 106/200 var gefið út þann 6. desember 2017 og er aðgengilegt á eftirfarandi netslóð: <http://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1248/201409068.pdf>.

Niðurstaða þess er að Skipulagsstofnun telur að matsskýrsla Landsnets hf. uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrifum hafi verið lýst með fullnægjandi hætti.

Öll gögn sem tengjast útgáfu framkvæmdaleyfisins liggja frammi á skrifstofu Fljótshrepps og eru jafnframt aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins www.fljotsdalur.is.

Vakin er athygli á því að ákvörðun sveitarstjórnar Fljótshrepps um útgáfu framkvæmdaleyfisins er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála á grundvelli 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. einnig 4. gr. laga nr. 130/2011. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar.

Fljótshreppi, 10. maí 2019

Gunnþórunn Ingólfssdóttir oddviti